



4. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn miðvikudaginn 19. ágúst á skrifstofu félagsins að Varmál kl. 17.00.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Anna Sigurðardóttir (AS) og Einar Grétarsson (EG). Geirarður Long og Eymundur Sigurðsson boðuðu forföll.

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Málefni handboltadeildar.

Málefni deildarinnar rædd sem undirbúningur fyrir fund með stjórn handboltadeildar í næstu viku. Lán aðalstjórnar til BUR handboltadeildar sem veitt var í byrjun sumars hefur verið greitt að fullu.

2. Málefni knattspyrnudeildar.

Málefni deildarinnar rædd sem undirbúningur fyrir fund með stjórn deildarinnar í næstu viku. Tvö lán voru veitt frá aðalstjórn í sumar til meistaraflokks karla í knattspyrnu sem endurgreiðast þegar styrkir sem ekki skiluðu sér berast.

3. Málefni körfuknattleiksdeildar.

Málefni deildarinnar rædd og áhyggjur eru af því hversu fámenn deildin er og hvað hugsanlega er hægt að gera til að aðstoða deildina.

4. Tímatafla vetrarins.

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við æfingatöflu vetrar sem nú er langt komin og fulltrúar allra deilda hafa komið að. Skoðast hún samþykkt. Rætt var hvort ekki væri hægt að hafa hana tilbúna fyrr en það er erfitt þar sem ekki hefur legið fyrir hvaða tíma við höfum nákvæmlega til ráðstöfunar í Lágafelli. Eins hefur tafið þessa vinnu að deildir geta ekki fengið þjálfara á öllum tímum dags sem flækir þessa vinnu mjög.

5. Knattspyrnuhús.

Umræðu frestað til næsta fundar.

Önnur mál:

- Move week / Hreyfivika. Formaður kynnti hugmyndir hvernig UMFA getur tekið þátt í Hreyfiviku í september sem er hluti af verkefninu Heilsueflandi samfélag. Póstur hefur verið sendur á alla formenn deilda til þess að óska eftir hugmyndum sbr. í fyrra var

frjálsíþróttadeildin með hlaupanámskeið. Miklar væntingar um að góð hugmynd berist frá deildunum.

- Fyrirlestrarröð UMSK. UMSK býður aðildarfélögum sínum uppá fræðslufyrirlestra árið 2015 og í boði eru. Annars vegar fyrirlestur um Næringu íþróttafólks og er fyrirlesari Fríða Rún Þórðardóttir og hins vegar Forvarnir og félagsleg uppbygging- hagnýtar leiðir fyrir íþróttþjálfara, fyrirlesari Vanda Sigurgeirsdóttir. Kynning verður lögð fyrir formannafund sem haldinn verður á næstunni og í framhaldinu verður tímasetning á fyrirlestrana ákveðin.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19.00.

Fundargerð ritaði:

Birna Kristín Jónsdóttir

(sign).